

Fundargerð 888. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, þriðjudaginn 29. september kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 887. fundar - 2009100SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 887. fundar stjórnar sambandsins frá 25. september 2020.

Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta fundi sem verður haldinn í húsnæði sambandsins.

Eyþór Arnalds kom inn á fundinn kl. 12:15.

2. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál - LOF - 2009367SA

Lagt fram samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2021-2025 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, dags. 28. september 2020. Einnig lögð fram drög að yfirlýsingu í tengslum við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál, dags. 28. september 2020.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

Fulltrúar sambandsins hafa í samskiptum við oddvita ríkisstjórnarflokkanna lagt þunga áherslu á að ríkið styðji sveitarfélögin fjárhagslega, bæði með almennum og sértækum hætti, vegna mikils tekjufalls og útgjaldaauka sem COVID-19 hefur leitt af sér í starfsemi sveitarfélaga. Unnið hefur verið í samræmi við ítrekaðar stjórnarsamþykktir sambandsins þess efnis.

Sá stuðningur sem ríkisstjórnin hefur nú kynnt er að mestu sértækur og mun nýtast í tilteknum málaflokkum hjá sveitarfélögum sem er vel, en er fjarri því að leysa þann vanda sem flest sveitarfélög standa frammi fyrir.

Ljóst er að sú staða sem komin er upp í fjármálum sveitarfélaga krefst endurmats á forsendum útgjalda og tekjuöflunar vegna þeirra auknu skuldsetningar sem fram undan er og hætta er á að draga þurfi úr þjónustu á vegum þeirra.

Á öðrum Norðurlöndum er mun víðtækari fjárstuðningur ríkisins við sveitarfélög en hér á landi. Hefur sambandið hvatt ríkisstjórn Íslands til að horfa til þess stuðnings sem fyrirmyndar hér á landi.

Á hinn bóginn er mikilvægt að ríkisstjórnin lýsir því yfir að hún muni áfram fylgjast með þróun í fjármálum sveitarfélaga í góðri samvinnu við sambandið. Fjárhagsupplýsingar úr rekstri sveitarfélaga verða reglulega uppfærðar og við treystum því að brugðist verði við eins og við á hverju sinni til að tryggja að sveitarfélögin geti sinnt þeirri mikilvægu nærþjónustu sem þeim er falið að sinna skv. lögum. Það er jákvætt að ríkisstjórnin lýsir því yfir að hún muni standa að baki sveitarfélögum eins og frekast er unnt svo starfsemi þeirra raskist ekki um of á komandi mánuðum og misserum. Líta ber á þann stuðning sem nú er kynntur sem mikilvægt skref í þeirri vegferð.

Varðandi samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2021-2025 var eftirfarandi samþykkt með 9 atkvæðum. Gunnar Einarsson og Guðmundur Ari Sigurjónsson greiddu atkvæði á móti.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2021-2025 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015 og felur formanni og framkvæmdastjóra að undirrita samkomulagið.

Anna G. Björnsdóttir vék af fundi kl. 12:30. Bjarni Jónsson vék af fundi kl. 13:00.

Ásgerður K. Gylfadóttir vék af fundi kl. 13:06.

3. Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 - 2009205SA

Lögð fram drög að umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 22. september 2020, um umsögn um breytingu á skipulagslögum (raflínuskipulag o.fl.), mál nr. 123/2020.

Eftirfarandi bókun var samþykkt með sjö atkvæðum. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og Heiða Björg Hilmisdóttir greiddu atkvæði á móti.

Stjórnin gerir ekki athugasemd við þá hluta umsagnarinnar sem varðar stafræna skipulagsgátt og raflínuskipulag. Stjórnin áréttar þó að tillaga um raflínunefnd, sem vinna mun sérstakt raflínuskipulag, er verulegt frávik frá meginreglum skipulagslaga. Mikilvægt er að við umfjöllun um frumvarpið á Alþingi verði sá skilningur staðfestur að ekki séu áform um frekari skref í þá átt að færa skipulagshlutverkið frá sveitarfélögunum, enda er skipulagshlutverkið einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga.

Stjórnin telur þann hluta frumvarpsins sem snýr að einföldun lagaumhverfis ganga alltof skammt og að vinna þurfi þann hluta frumvarpsins betur og á heildstæðari hátt. Beinir stjórnin því til ráðherra að skipaður verði starfshópur til að vinna að viðtækari endurskoðun laganna hvað þetta varðar.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og Heiða Björg Hilmisdóttir lögðu fram eftirfarandi bókun: Í fyrirliggjandi drögum að frumvarpi að endurskoðun á skipulagslögum eru settar fram þrjár tillögur að breytingum. Þar er lagt til að komið verði á fót sérstakri stjórnáráðunefnd sem fái skipulagsvald í þeim tilfellum þegar flutningskerfi raforku liggja þvert á sveitarfélagsmörk. Hér er að okkar mati um óásættanlegt fordæmi að ræða þar sem vegið er að skipulags- og sjálfsákvörðunarvaldi sveitarfélaga og slegið kunnuglegt stef sem heyrst hefur í umræðu um Reykjavíkurlugvöll og Kvosina. Frumvarpið byggir á veikum grunni og ekkert sem gefur ástæðu til að ætla að þetta fyrirkomulag myndi leysa nokkurn vanda. Tillaga um styttingu auglýsingatíma deiliskipulagsáætlana vegna íbúðauppbyggingu gengur allt of skammt og það vekur

furðu að ekkert tillit hafi verið tekið til vel ígrundaðra og fjölmargra ábendinga Reykjavíkurborgar sem allar ganga út á að einfalda málsmeðferð og stjórnsýslu skipulagsmála. Jafnframt er lögð þung áhersla á að farið verði í heildarendurskoðun á skipulagslögum. Fjölmarginn hefur breyst frá því skipulagslögin tóku gildi og mikilvægt er að ávarpa aðkallandi atriði líkt og gildistíma deiliskipulaga, loftslagsbreytingar og jafnan rétt íbúa til að njóta mannréttinda án mismunar.

Fundi var slitið kl. 13:30

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eypór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari